


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	Þýs103	Kennsluáætlun vorannar 2013

Kennari	Anna María Steinke (ams@vma.is)	Sk.st.	AMS
----------------	---------------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Byrjunaráfangi. Kynnt verða nokkur meginatriði um þýskumælandi lönd og þeirra samskipti við Ísland. Skyldleiki þýsku og íslensku er skoðaður t.d. í orðmyndun. Unnið verður með einfalda texta sem tengjast daglegu lífi og störfum nemenda. Lögð verður áhersla á markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforðans. Þau málfræðiatríði sem tengjast myndun einfaldra setninga og spurninga verða kynnt, þar sem þess gefst kostur í tengslum við tjáningaræfingar. Þar sem seinni áfangar byggja á þessum grunni er mikilvægt að treysta undirstöðurnar með endurteknu námi þar sem mikilvægustu atriðin eru sífellt rifjuð upp. Lögð verður áhersla á að nemendur tileinki sér virka hlustun, skilji einföldustu fyrirmæli kennarans á þýsku og geti tjáð sig á einfaldan máta bæði munnlega og skriflega.


Markmið: Kennsluefnið samanstendur af almennum orðaforða. Kennslan stefnir að því að gera nemendur sem fyrst sjálfbjarga á þýskri tungu og gefa þeim góðan grunn í þýskri málfræði. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér orðaforða og séu eftir þennan áfanga færir um að þýða stutta lestexta án orðabókar, geti tjáð sig skriflega um eigin hagi og að hafi auk þess náð tókum á

- sagnbeygingum veikra og nokkurrar sterkra sagna í nútíð
- notkun ákveðins og óákveðins greinis sem og neitunarorða “nicht” og “kein”
- persónufornöfnum og eignafornöfnum
- fallstjórn sagna: nefnifall, þolfall og nokkrar sagnir sem stýra þágufalli
- þremur forsetningum sem stýra tveimur föllum

Námsgögn:	málfræði	Þýska fyrir þig	Reykjavík	Mál og menning	2001
	lesbók	Þýska fyrir þig 1	Reykjavík	Mál og menning	2001
	vinnubók	Þýska fyrir þig 1	Reykjavík	Mál og menning	2001
	orðabók	Steinar Matthíasson	Reykjavík	ÍÐNÚ	2004
	ítarefni	ÞÝS103	Akureyri	skrifstofa VMA	V 2013

Námsmat og vægi námsþátta:

- 50% **Skriflegt lokapróf:** Þýðingar í samræmi við lesbókatekta (ólesnar), ritun í samræmi við ítarefnið, málnotkun (sbr. markmiðslýsingu). Prófið er tekið án orðabókar.
- 20% **2 stöðupróf:** sbr. skriflegt lokapróf. Missi nemandi af stöðuprófi hækkar vægi lokaprófsins um 10%.
- 10% **Samtal:** Lestur texta úr lesbókinni (2,5%) og spurningar/svör á þýsku um hagi nemenda og daglegt líf (7,5%). Mæti nem. ekki í úthlutaðan próftíma þarf hann að leggja fyrir vottorð ellegar verður einkunn hans í þessum námsmatsþætti að engu. Sjúkrapróf er á síðasta kennsludegi annarinnar eftir kennslu.
- 5% **Hlustun:** Nokkrum sinnum á önn verða hlustunaræfingar. Nem. fá verkefni sem taka á skilningi upplesturs. Nem. sem ekki mætir í hlustunarpróf þarf að leggja fyrir vottorð ellegar verður einkunn hans í þessum námsmatsþætti að engu. Sjúkrapróf er á síðasta kennsludegi annarinnar eftir kennslu.
- 15% **Vinnueinkunn:** Kennari fylgist með þátttöku í kennsluumræðunni og metur án frekari auglýsingar gerð heimavinnu sem og úrlausnir ítarefnis og ýmissa verkefna.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	Þýs103	Kennsluáætlun vorannar 2013

Áætlun um yfirferð:

vika	dagsetning	atburðir	yfirferð	námsmat
2	07.01.-11.01.	kennsla hefst 08.01.	kafli 1	
3	14.01.-18.01.		kafli 1	
4	21.01.-25.01.		kafli 2	
5	28.01.-01.02.		kafli 2	
6	04.02.-08.02.		Kafli 3	
7	11.02.-15.02.	- kennslufall 14./15.02. -	kafli 3	stöðupróf 1
8	18.02.-22.02.		kafli 4	
9	25.02.-01.03.	- miðannarmat -	kafli 4	
10	04.03.-08.03.		kafli 5	
11	11.03.-15.03.	- opnir dagar 12./13.03. -	kafli 5	
12	18.03.-22.03.		kafli 6	
14	03.04.-05.04.	- kennsla hefst eftir páskafrí 03.04. -	kafli 6	stöðupróf 2
15	08.04.-12.04.		kafli 7	
16	15.04.-19.04.		kafli 7/8	hlustun
17	22.04.-26.04.	- sumardagurinn fyrsti 25.04. -	kafli 8	samtal
18	29.04.-30.04.		sjúkrapróf	

- Réttur áskilinn til breytinga -

Ábending: Mætingarskylda er 80% - lakari mæting jafngildir úrsögn úr áfanganum. Notkun fartölva er að öllu jöfnuðu ekki heimil í áfanganum. Nemendum er bent á skólareglurnar VMA. Endurtekin mæting án viðhlítandi námsgagna varðar brottrekstur úr tíma.

Dagsetning: 7. jan. 2013

Undirritun kennara

Undirritun brautarstjóra, fagstjóra eða staðgengils